

AUGLÝSING

um breyting á bréfi menntamálaráðuneytis nr. 212, 16. sept. 1950.

Við bréf menntamálaráðuneytisins, nr. 212, dags. 16. september 1950, bætist eftirfarandi málsgrein:

Nú er skólahús notað til hótélrekstrar að sumarlagi, meðan skóli starfar ekki, og gilda þá eigi framangreind ákvæði.

Menntamálaráðuneytið, 20. júní 1981.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 465.

1. júlí 1981.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367 22. mars 1976, um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtalin bátaábyrgðarfélög starfa skv. reglugerð þessari og eru takmörk þeirra sem hér segir:

1. Vélbátatrygging Reykjaness.
Félagssvæði: Frá Krísvíkurbergi að Keilisnesi.
2. Vélabátaábyrgðarfélagið Gróttta.
Félagssvæði: Frá Keilisnesi að Búðum, Búðir ekki með, og Árnes- og Rangárvallasýsla.
3. Bátatrygging Breiðafjarðar.
Félagssvæði: Frá Búðum að Brjánslæk.
4. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga.
Félagssvæði: Frá Brjánslæk að Skagatá.
5. Vélbátatrygging Eyjafjarðar.
Félagssvæði: Frá Skagatá að Digranesi.
6. Skipatrygging Austfjarða.
Félagssvæði: Frá Digranesi til Hornafjarðar.

Allir eigendur váttryggingarskyldra fiskiskipa á hverju váttryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að váttryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyst frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyst á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 10—250 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett á öðru félagssvæði, enda hafi viðtakandi bátaábyrgðarfélag látið skoða skipið strax eftir að því barst flutningstilkynning, og samþykkt flutninginn.